

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 11/2003

frá 31. janúar 2003

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginleгу EES-nefndarinnar nr. 55/2002 frá 31. maí 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 179 frá 18. apríl 2000 um sýnishorn af eyðublöðum sem eru nauðsynleg til beitingar reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 111, E 111 B, E 113 til E 118 og E 125 til E 127) ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við lið 3.39 (ákvörðun nr. 153) í VI. viðauka við samninginn:

„- **32002 D 0154:** Ákvörðun nr. 179 frá 18. apríl 2000 (E 111, E 111 B, E 113 til E 118 og E 125 til E 127) (Stjtið. EB L 54, 25.2.2002, bls. 1).“

2. gr.

Texti ákvörðunar nr. 179 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 238, 5.9.2002, bls. 16 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 44, 5.9.2002, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 54, 25.2.2002, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.